



## Hreppsnefnd 25.11.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 25. nóv. 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mánudaginn 25. nóv. 2002 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Emil Sigurjónsson, oddviti, Sigurveig Róbetsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson og Björn H. Sigurbjörnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Í upphafi fundar minntist oddviti Öddu Tryggvadóttur, eiginkonu Aðalbjörns Björnssonar, en hún lést 20.nóv.sl. Hún vann á Heilsugæslustöð Vopnafjarðar allan sinn starfsaldur lengst af sem hjúkrunarforstjóri. Hún sinnti mörgum mikilvægum trúnaðarstörfum fyrir sveitarfélagið, var m.a. forstöðumaður heimilishjálpar, formaður félagsmálanefndar, barnaverndarnefndar, stjórnar heilsugæslustöðvar og gegndi ýmsum öðrum trúnaðarstörfum.

Hreppsnefnd sendir Aðalbirni og sonum, foreldrum og systkinum hinnar látnu innilegar samúðarkveðjur.

Heiðruðu fundarmenn minningu hennar með því að rísa úr sætum.

Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár, að öðru leyti en því að 9.mál á dagskrá var fært til sem fyrsta mál.

Á fundinn var mætt Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðisnefndar Austurlands og bauð oddviti hana velkomna.

9. mál. Bréf heilbrigðisfulltrúa dags. okt. sl., um að mæta á fund hreppsnefndar. Oddviti gaf Helgu Hreinsdóttur orðið og ræddi hún um Starfssvið HAUST – lög og reglugerðir, sem heilbrigðiseftirlitið vinnur eftir. Í þessu sambandi greindi hún frá samskiptum heilbrigðiseftirlitsins og byggingar- og skipulagsnefndar sveitarfélagsins, en heilbrigðiseftirlitið er umsagnaraðila í mörgum málum sem fjallað er um í byggingar- og skipulagsnefnd. Töluverðar umræður urðu um starfsemi heilbrigðiseftirlitsins og svaraði Helga framkomnum fyrirspurnum.

Oddviti þakkaði síðan Helgu fyrir greinargóðar skýringar og taldi ýmsar þarflegar ábendingar hafi komið fram í umræðunum.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 17. okt. sl.

Samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerðir atvinnumálanefndar frá 31. okt. og 7. nóv. sl. Fundargerðirnar ræddar. Fram kom að fengist hefur 100 þús. kr. styrkur til sérstaks þróunarverkefnis við Vopnafjarðarskóla frá Menningarráði Austurlands. Spurst var fyrir um tilraun fyrirtækisins Vopn-Fisks ehf., sem gengur út á að veiða smáporsk í gildrum og áframala hann. Ólafur Ármannsson svaraði framkominni fyrirspurn og kom fram í svari hans að tilraunin lofaði góðu og gerði hann ráð fyrir að á grundvelli þessarar tilraunar yrðu veiðar þessar auknar á næsta ári og leitað eftir samstarfi við áhugasama fjárfesta.

Undir þessum lið kom og fram að Sigurveig Róbertsdóttir, hefur óskað eftir því að fá lausn frá nefndarstörfum í atvinnumálanefnd.

Hreppsnefnd samþykkir beiðni hennar og samþykkir jafnframt að Magnús Róbertsson verði nýr fulltrúi í atvinnumálanefnd.

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 14. nóv. sl. Varðandi 3. tl. fundargerðar hafnarnefndar frá 14. nóv. sl., skýrði sveitarstjóri frá því að hafnarnefnd hefði spurst fyrir til Skipulagsstofnunar um matsskyldu brimvarnargarðs milli Miðhólma og Skiphólma.

Síðan voru lögð fram bréf Skipulagsstofnunar frá 20. nóv. sl., þar sem óskað er umsagnar

sveitastjórnar Vopnafjarðarhrepps um hvort gerð brimvarnargarðs milli Miðhólma og Skiphólma skuli háð umhverfismati skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt lögð fram fyrirspurn hafnarsátjórnar Vopnafjarðarhrepps frá 5. nóv. sl. þar sem spurst er fyrir um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Um brimvörn milli Miðhólma og Skiphólma í Vopnafirði hefur verið fjallað ítarlega í byggingar- og skipulagsnefnd og hafnarnefnd og jafnframt hefur hreppsnefnd margoft fjallað um framkvæmdina á fundum sínum.

Hreppsnefnd telur að sú mikla vinna sem lögð hefur verið í útfærslu á framkvæmdinni eins og henni er líst í fyrirspurn hafnarstjórnar frá 5. nóv. sl. taki eins vel og nokkur kostur er á því að fella framkvæmdina sem best inn í náttúrulegt umhverfi hafnarinnar. Jafnframt hafa rannsóknir leitt í ljós að áhrif á lífríki neðan sjávar og fuglalíf í hólum eru hverfandi lítil. Framkvæmd þessi er og grundvöllur þess að nægjanleg kyrrð fáist í viðlegurými hafnarinnar þ.a. full nýting fáist á þau mannvirki sem lokið er við.

Af þessum sökum tekur hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps heilshugar undir samþykktir byggingar- og skipulagsnefndar og hafnarnefndar frá 1. okt. sl. og telur að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati skv. lögum nr. 106/2000 um umhverfismat.”

Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

Varðandi 4. tl. í fundargerðar hafnarnefndar vakti Steindór Sveinsson athygli á hvort ekki þyrfti að kanna landfyllingu í Framtíðarvíkinni til að auka þar rými t.d. fyrir byggingarlóðir.

Fundargerðin síðan samþykkt.

4. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 14. nóv. sl.

Varðandi 3. tl. fundargerðar bygginganefndar frá 14. nóv. sl., telur hreppsnefnd að eðlilegra hefði verið að endurútlhuta lóð sem áður hafði verið úthlutað til fyrirtækisins HHH ehf. Hreppsnefnd telur að bygginga- og skipulagsnefnd eigi ekki að úthluta lóðum nema til byggingar. Einnig telur hreppsnefnd að lóðaúthlutun undir gáma eigi að vera á sérstöku gámasvæði.

Varðandi 5. tl. fundargerðarinnar tekur hreppsnefnd undir að starfsmanni byggingarfulltrúa verði falið að kanna málið nánar og afla frekari upplýsinga.

Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Fundargerð sveitarstjórnarfulltrúa í Svartaskógi frá 30. okt. sl. varðandi mótun á nýju sveitarfélagi á norðursvæði Austurlands.

Á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 29. ágúst sl. var svofelld tillaga samþykkt varðandi áframhaldandi vinnu við mótun á nýju sveitarfélagi á norðursvæði Austurlands.

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að taka áfram þátt í verkefninu. Verði að áframhaldi verkefnisins samþykkir hreppsnefnd að oddviti hreppsnefndar og sveitarstjóri verði fulltrúar sveitarfélagsins í stýrihópi verkefnisins. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að skólustjóri Vopnafjarðarskóla verði fulltrúi þess í starfshóp um fræðslu- og félagsmál og slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri verði fulltrúar hreppsins í hópi er fjallar um umhverfis-skipulags-o.fl.mál.”

Í fyrirliggjandi fundargerð sveitarstjórnarfulltrúa sveitarfélaganna, frá Skeggjastaðahreppi yfir um til Seyðisfjarðar, sem haldinn var 30. okt. sl. í Svartaskógi er tillaga þar sem samþykkt er að halda áfram vinnu við mótun á nýju sveitarfélagi. Í tillögunni er óskað eftir að hreppsnefnd skipi fulltrúa sinn í starfshóp er vinni að sameiginlegri byggða- og atvinnuáætlun svæðisins til viðbótar við þá fulltrúa sem skipaðir voru í starfshópa 29. ágúst sl.

Tillaga kom fram um að fulltrúi sveitarfélagsins í þessum hópi verði: Árni Magnússon, formaður atvinnumálanefndar.

Tillagan samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

6. mál. Beiðni um samþykki vegna sölu á hlutum úr jörðinni Gnýstaðir, Vopnafirði.

Lagt fram bréf dags. 30. okt. sl., frá Fasteigna og skipasölu Austurlands, þar sem spurst er fyrir um hvort Vopnafjarðarhreppur muni nýta sér forkaupsréttarákvæði vegna sölu tiltekinna eignarhluta í jörðinni Gnýstaðir Vopnafirði.

Hreppsnefnd samþykkir með 7 atkv. að falla frá forkaupsrétti viðkomandi eignarhluta jarðarinnar Gnýstaðir, Vopnafirði.

7. mál. Bréf Íslandspósts frá 17. okt. sl., varðandi starfsemi fyrirtækisins á Vopnafirði. Samþykkt að fela atvinnumálafulltrúa að taka erindið til nánari athugunar með það í huga að tryggja áframhaldandi rekstur.

8. mál. Félag Hjartasjúklinga á Eyjafjarðarsvæðinu bréf dags. 27. okt. sl. varðandi styrk til tækjakaupa.  
Samþykkt að hafna erindinu.

10. mál. Vinabæjarsamstarf við Götu kommuna.

Lögð fram bréf annars vegar Vopnafjarðarhrepps til Götu og hins vegar bréf Götu kommuna til Vopnafjarðarhrepps.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir með 7 atkv. að taka upp vinabæjarsamstarf við Götu kommuna og felur sveitarstrjóra og oddvita að undirbúa undirskrift samninga þar um milli aðila.

11. mál. Félagsmálaráðuneytið bréf dags. 21. okt. sl. úthlutun tekjujöfnunarframlaga.

Bréfið ásamt sundurliðun á úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2002 lagt fram til kynningar. Fram kemur að Vopnafjarðarhreppur fær ekkert tekjujöfnunarframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sökum þess að tekjur á einstakling í sveitarfélaginu eru það háar, en til samanburðart fær til að mynda Akureyrarbær 78,9 m. kr., Eyjafjarðarsveit 41,2 m.kr.og Sveitarfélagið Skagafjörður 65,5 m. kr. Alls er í úthlutun þessari úthlutað 692,4 m.kr. í tekjujöfnunarframlög árið 2002.

Lagt fram til kynningar.

12. mál. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, bréf dags. 23. okt. sl., varðandi umsóknir í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Sveitarstjóri gerði grein fyrir til hvaða hluta styrkir eru veittir. Í framhaldi var honum falið að sækja um styrk úr sjóðnum til lagfæringa á aðgengi fatlaðra við opinberar byggingar í sveitarfélaginu.

13. mál. Skipulagsstofnun bréf dags. 28. okt. sl., varðandi gerð aðalskipulags.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 28. okt. sl., varðandi styrki til gerðar aðalskipulags.  
Samþykkt að sveitarstjóri sækji um styrk til aðalskipulagsgerðar.

14. mál. Fyrirkomulag á greiðslum fyrir störf hreppsnefndar og annarra nefnda.

Gerð var grein fyrir fyrirkomulagi greiðslna fyrir nefndarstörf hjá Vopnafjarðarhrepps.

Eftirfarandi tillaga að nefndarlaunum fyrir kjörtímabilið 2002-2006 var síðan lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að nefndarlaun hreppsnefndar og undirnefnda hennar verði eftirfarandi kjörtímabilið 2002-2006:

Laun hreppsnefndar verði 8% af þingfarakaupi (þingfararkr. 344.597.-) kr. 27.568.- á mánuði.

Laun oddvita verði með 100% álagi og laun varaoddvita verði með 50% álagi.

Varamaður fær greiddar kr. 8.000.- á setin fund.

Laun undirnefnda verði fyrir hvern nefndarmann kr. 2.500.- á setin fund og hefur formaður nefndar 50% álag.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að skoða hvort ekki beri að taka upp akstursstyrk til nefndarmanna sem búa utan þéttbýlis.”

Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

15. mál. Ýmis mál og fundargerðir.

a) Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 9. okt. sl.

b) Fundagerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands frá 11. okt. sl. og aðalfundar skrifstofunnar frá 14. okt. sl., ásamt skýrslu stjórnar

c) Fundargerð launanefndasr sveitarfélaga frá 26. okt. sl.

d) Fundur með Flugmálastjórn á Vopnafjarðarflugfelli, varðandi björgunarbátamál.

Fleira ekki gert og fundi slitið

.